

AUGLÝSING

um sameiningu Öxarfjarðarhrepps og Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Öxarfjarðarhrepp og Fjallahrepp í Norður-Þingeyjarsýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Öxarfjarðarhreppur.
2. Öxarfjarðarhreppur hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Fjallahreppi og Öxarfjarðarhreppi.
3. Íbúar Fjallahrepps og Öxarfjarðarhrepps skulu vera þegnar hins nýja Öxarfjarðarhrepps.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Fjallahreppi og Öxarfjarðarhreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Fjallahrepps skulu afhent Öxarfjarðarhreppi til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Öxarfjarðarhreppi í kosningum þeim, er fram fóru 9. júní 1990, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja Öxarfjarðarhrepps. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. janúar 1994.

Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.